



Reykjavík, 4. maí 2024
USK23100061

TILLAGA

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs dags. 11. október 2023

Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um Langholtsveg, sbr. 30. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs dags. 4. október 2023.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs dags. 4. október 2023:

„Lagt er til að ráðist verði í lagfæringu og/eða endurnýjun gangstétta við Langholtsveg. Víða eru gangstéttir við götuna eyddar, sprungnar og ójafnar. Á það ekki síst við um gangstéttir við biðstöðvar strætisvagna viðgötuna. Því til viðbótar hefur frágangur ekki farið fram á skurðum ágangstéttum, sem e.t.v. voru grafnir vegna lagningar ljósleiðara.“

Umsögn um tillögu:

Tillögunni hefur verið komið áfram til verkefnastjóra framkvæmda og viðhalds sem mun skoða og meta ástandið. Minni skemmdir verða lagfærðar af starfsmönnum Reykjavíkurborgar en ef um stærri viðgerð er um að ræða verður hún sett á verkefnalista viðgerðaverktaka.

Ennfremur er í undirbúning að framkvæmda ástandsmat göngu- og reiðhjólástíga í Reykjavík. Um er að ræða steypar og hellulagðar stéttar og malbikaða göngu- og reiðhjólástíga auk malástíga. Ástandsgreining fer þannig fram að göngu og reiðhjólástígum er skipt upp í ástandsflokka eftir sjónskoðun. Í framhaldinu verður gerð framkvæmdaáætlun þar sem verkefnum er forgangsraðað eftir ástandsflokkuninni og samkvæmt samþykktum fjárheimildum vegna endurnýjunar og viðhalds á göngu- og reiðhjólástígum.

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds



Reykjavík